

326. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, þriðjudaginn 18. ágúst 2026, kl. 16:00.

Mætt: Þuríður B. Ægisdóttir, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hreinn Ágúst Kristinsson, fulltrúi Reykjanesbæjar, Hermann Jónsson, fulltrúi Suðurnesbæjar og Eðvarð Atli Bjarnason, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), Helgi Haraldsson, Sonja Hrund Steinarsdóttir og Eydís Martinsdóttir. Sigurpáll Jóhannsson, fulltrúi atvinnurekenda og Magnús Már Jakobsson, fulltrúi Grindavíkurbæjar komu ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Skipan heilbrigðisnefndar: Tilnefning frá samtökum atvinnulífsins
2. Samþykktir sveitarfélaganna á Suðurnesjum: Minnisblað.
3. Framtíð Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Minnisblað
4. Leyfi og skráningar
5. Umhverfismál
6. Starfsmannamál
7. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Skipan heilbrigðisnefndar.

Samtök atvinnulífsins hafa tilnefnt Sigurpál Jóhannsson til setu í heilbrigðisnefnd. Nefndin býður Sigurpál velkominn til starfa. Nefndin fer þess á leit við fulltrúa atvinnurekenda í nefndinni að hann hlutist til um að samtökin tilnefni einnig varamann.

2. Samþykktir sveitarfélaganna á Suðurnesjum: Minnisblað.

Kynnt var fyrir nefndinni minnisblað embættisins um samþykktir sveitarfélaganna. Nefndin felur embættinu að setja saman tillögur að tilhögun endurskoðunar samþykktanna.

3. Framtíð Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Minnisblað

Kynnt var fyrir nefndinni minnisblað embættisins um framtíð Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Nefndin felur embættinu að taka saman yfirlit yfir þau verkefni sem embættið hefur sinnt fyrir sveitarfélögin, ásamt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmd verkefnanna með svipuðu sniði og verið hefur.

4. Leyfi og skráningar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Drífa ehf., kt. 480173-0159 til að reka söluturn án óvarinna matvæla í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Kaffi skúrin ehf., kt. 711006-0600 til að reka kaffihús að Skagabraut 86, 251 Suðurnesjabæ.

Golfklúbbur Vatnsleysustrandar, kt. 530892-2559 til að reka golfskála að Kálfatjörn.

Smartco ehf., kt. 610910-0840, til að reka matvöruverslun að Fitjum 2, 260 Reykjanesbæ.

Gamla búð ehf., kt. 470726-0890 hefur verið veitt tímabundið starfsleyfi til að selja pökkuð matvæli á Ljósanótt, 3.-6. september n.k.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Antycyponek ehf., kt. 610426-1740 til að reka íbúðagistingu að Hringbraut 92A, 230 Reykjanesbæ.

Eyja Villas ehf., kt. 590318-1320 til að reka stærra gistiheimili að Suðurgötu 2-4, 245 Suðurnesjabæ.

Brim Bistro ehf., kt. 450626-0740, til að reka veitingastað að Norðurljósavegi 2, 251 Suðurnesjabæ.

Stakkavík ehf., kt. 480388-1519 til að reka minna gistiheimili á Sjónarhóli, 240 Grindavík.

Gráklettur ehf., kt. 420798-4159 til að reka minna gistiheimili á Hafnargötu 16, 230 Reykjanesbæ.

5. Umhverfismál

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur tekið ákvörðun að fela Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda, samkvæmt lögum nr. 7/1998, á eftirtöldum lóðum:

Suðurnesjabær

Meiðastaðavegur 12a

Sjávargata 3

Reykjanesbær

Víkurbraut 6

6. Starfsmannamál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

7. Önnur mál

Farið var yfir neysluvatnsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Næsti fundur miðvikudag 16. september 2026

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 18:30